

## AUGLÝSING

### um skipulagsmál í Akureyrarkaupstað.

Bæjarstjórn Akureyrar samþykkti þann 16. maí 2017 tvær breytingar á deiliskipulagi:

*Breyting á deiliskipulagi Oddeyrar, suðurhluta, Gránufélagsgata 35.*

Breytingin felur í sér að á lóð nr. 35 við Gránufélagsgötu er gerður byggingarreitur norður úr núverandi húsi fyrir viðbyggingu á 1½ hæð. Nýtingarhlutfall lóðarinnar verður 0,50.

Deiliskipulagstillagan hefur hlotið meðferð í samræmi við við 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast hún þegar gildi.

*Breyting á deiliskipulagi Innbæjarins, Drottningarbraut, lnr. 147504.*

Breytingin felur í sér að á viðskipta- og þjónustulóð við Drottningarbraut (landnúmer 147504) er gerður byggingarreitur til suðurs frá þjónustustöð N1. Nýtingarhlutfall hækkar í 0,066.

Deiliskipulagstillagan hefur hlotið meðferð í samræmi við 3. mgr. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast hún þegar gildi.

*F.h. Akureyrarkaupstaðar, 17. maí 2017,*

**Anna Bragadóttir**, verkefnastjóri skipulagsmála.